

131. löggjafarþing 2004-2005.
Þskj. 271 – 253. mál.

Fyrirspurn

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um komur á heilsugæslustöðvar o.fl.

Frá Jónínu Bjartmarz.

Munnlegt svar.

Háttvirtur sjötti þingmaður Reykjavíkurráðgjafarþingar hefur beint til mín fyrirspurn um komur á heilsugæslustöðvar.

Í fyrsta lagi er spurt hvort komum á heilsugæslustöðvar hafi fjölgað og ef svo er hve fjölgunin sé mikil.

Samkvæmt upplýsingum sem heilbrigðisráðuneytið hefur fengið frá heilsugæslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu um komutölur á árunum 2001 - 2003 kemur í ljós að komum hefur fjölgað nokkuð á tímabilinu. Árið 2001 voru komur til lækna samtals 220.883. Árið 2003 voru komur samtals 234.574. Aukningin á þessu tímabili nemur 6,2%. Framangreindar upplýsingar taka til Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsdæmis, Seltjarnarness og heilsugæslustöðva í Reykjavík á eftirtöldum svæðum: Í Hlíðum, Efstaleiti, Efra-Breiðholti, Miðbæ, Árbæ, Grafarvogi og Mjódd.

Háttvirtur þingmaður spyr einnig hvernig komur á heilsugæslustöðvar skiptast á milli dagvinnutíma og síðdegisvaktar og hver hafi orðið hlutfallsleg aukning á síðdegisvöktum. Ef framangreindar tölur eru skoðaðar út frá slíkri skiptingu kemur í ljós að komur til lækna á dagvinnutíma voru 190.134 árið 2001 en hafði fækkaði í 185.395 árið 2003. Hlutfallsleg fækkun nemur 2,5%.

Upplýsingar um komur utan dagvinnutíma sýna að árið 2001 voru þær samtals 17.130 en hafði fjölgað í 35.871 komur árið 2003. Hlutfallsleg fjölgun koma utan dagvinnutíma á þessu tímabili nemur því 109%.

Þá spyr háttvirtur þingmaður hvort komum á bráða- og slysadeild Landspítala - háskólasjúkrahúss og læknavaktina hafi fækkað og ef svo, hve fækkunin sé mikil. Því er fyrst til að svara að komum hefur fjölgað en ekki fækkað á bráða- og slysadeild Landspítalans. Árið 2001 voru komur á slysa- og bráðadeild Landspítala - háskólasjúkrahúss 65.714. Árið 2002 voru þær litlu fleiri eða 65.859 og árið 2003 voru komurnar 66.369. Aukningin á tímabilinu 2001 - 2003 nemur einu prósentu. Samkvæmt nýjustu stjórnunarupplýsingum sjúkrahússins fyrir tímabilið janúar - nóvember 2004 hefur komum á slysa- og bráðadeild fjölgað miðað við sama tímabil árið áður úr 63.755 í 66.500. Hlutfallsleg fjölgun nemur 4,3%.

Læknavaktin sinnir móttöku, vitjunum og símaráðgjöf fyrir heilsugæslustöðvarnar á Stór-Reykjavíkursvæðinu utan dagvinnutíma, þ.e. um kvöld, nætur og helgidaga. Árið 2001 voru komur á Læknavaktina rúmlega 48.992, árið 2002 voru þær 52.600 og árið 2003 voru komur 48.779. Komum fjölgaði lítillega á ný árið 2004 og voru þá um 50.700.

Loks spyr háttvirtur þingmaður hver munurinn sé á kostnaði ríkisins annars vegar og sjúklinga hins vegar af hverri komu sjúklings á heilsugæslustöð, læknavaktina og bráða- og slysadeild Landspítala - háskólasjúkrahúss. Hvað varðar kostnað sjúklinga liggja svörin fyrir í reglugerð nr. 1030/2004 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu. Almenn gjald fyrir komu á heilsugæslustöð á dagvinnutíma er 700 krónur. Utan dagvinnutíma er almennt gjald sjúklings við komu á heilsugæslustöð 1.750 kr. og er það sama gjald og sjúklingar greiða fyrir komu á Læknavaktina. Fyrir komu á slysadeild og bráðamóttöku sjúkrahúsa er almennt gjald sjúklings 3.320 kr.

Í september 2002 kom út skýrsla Ríkisendurskoðunar „Fyrsti viðkomustaður í heilbrigðiskerfinu“ sem er stjórnisýsluúttekt stofnunarinnar á rekstri Heilsugæslunnar í Reykjavík. Þar er gerður samanburður á einingaverði vegna komu til læknis á heilsugæslustöðvum í Reykjavík, til sjálfstætt starfandi heimilislækna og Læknavaktarinnar árið 2001. Í skýrslunni kemur fram að stjórnendur Heilsugæslunnar í Reykjavík meta að kostnaður við hverja komu sé í hsæta lagi 3.000 krónur en að mati Ríkisendurskoðunar sé kostnaðurinn eitthvað hærri eða allt að 3.500 kr. Samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar er kostnaður við hverja komu til Læknavaktarinnar talinn vera um 2.584 kr. Í skýrslunni er gerð ítarleg grein fyrir forsendum að baki útreikningum á einingaverði.

Hvað varðar Landspítala - háskólasjúkrahús liggur ekki fyrir aðgengileg skipting á komum á slysa- og bráðadeild sem gefur kost á samanburði einingaverðs við komur á heilsugæslustöðvar.

Herra forseti. Ég vona að svar mitt hafi verið upplýsandi og háttvirtum fyrirspyrjanda til gagns og fróðleiks.

(Talað orð gildir)